

Nd.

264. Nefndarálit

[84. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með frumvarpi þessu er í veigamiklu atriði horfið frá þeirri stefnu sem mörkuð er í gildandi lögum, að Ríkisútvarpið skuli vera sjálfstæð stofnun og óháð fyrir-mælum stjórnvalda um dagskrárgerð og efnismeðferð. Útvarpslögin, sem þessa stefnu mörkuðu, voru samþykkt einróma á Alþingi fyrir fáum árum, og í ítarlegum um-ræðum bar enginn brögður á að kjör útvarpsráðs til fastákveðins tíma væri snar þáttur þeirrar stefnumörkunar. Engin málefnaleg rök hafa verið færð fyrir því að þörf sé á að skerða starfsaðstöðu Ríkisútvarpsins sem sjálfstæðrar stofnunar á þann hátt sem ráð er fyrir gert í frv. Aftur á móti gefur auga leið, að slík breyting hlýtur að torvelða mótun og framkvæmd samfelldrar stefnu í dagskrárgerð. Útvarps-ráð, sem á vísu setu ákveðið kjörtímabil, hefur í því efni allt aðra og betri aðstöðu en ráð sem á allt í óvissu um starfstíma og jafnvel getur skipt um oftár en einu sinni á ári, eins og dæmi sanna.

Flutningur þessa frumvarps verður því að skoðast ofríkisverk valdhafa, sem ekki vilja una öðru en geta ráðið dagskrárgerð Ríkisútvarpsins þá fáu mánuði sem eftir eru af kjörtímabili útvarpsráðsins, sem nú situr, og skirrast ekki við að fórnar í því skyni sjálfstæði stofnunarinnar og kippa grundvellingnum undan festu, sam-hengi og skipulegum vinnubrögðum í starfi hennar. Við leggjum því til að frum-varp þetta verði fellt.

Jafnframt berum við fram tillögu um að upp í útvarpslög verði tekið ákvæði til að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins vendilegar en nú er gert með því að girða fyrir að í útvarpsráð veljist menn sem starfs síns vegna gætu lent í hagsmuna-árekstrum, ættu þeir að fjalla um þau verkefni sem útvarpsráði eru falin.

Alþingi, 3. febr. 1975.

Kjartan Ólafsson,
frsm.

Magnús T. Ólafsson.